



Vor í lofti og sumarið framundan

Ágætu bændur

Rekstur Kjötafurðastöðvar KS (KKS) og Sláturhúss KVH (SKVH) gekk þokkalega á árinu 2012 þó ekki jafn vel og árið á undan sem var það besta í rekstri afurðarstöðvanna. Mestu munar um talsverða lækkun á gæruverði og lækkun á útflutningsmörkuðum almennt helst þó í Evrópu. Velta KKS ársins 2012 var 230 millj. kr. lægri en árið áður og munar þar mest um að ekkert kjöt var selt til Spánar í sláturtíð eins og undanfarin ár. Velta SKVH var hinsvegar 270 millj.kr. meiri og skýrist það af meira afgangi magni afurða í sláturtíð.

Sláturtíð gekk vel og í fyrsta sinn sem sauðfjárslátrun hjá SKVH fór yfir 90 þús. kindur og rúmlega tvöföldun var í slátrun á hrossum milli ára í báðum húsum. Slátrun nautgripa var með svipuðu móti og undan farin ár.

Fulltrúar Kjötafurðastöðvar KS og Sláturhúss KVH munu að venju halda fundi með bændum og er stefnt að þeim eins og fram er tekið annarstaðar í þessu fréttabréfi. Þar verður gerð betur grein fyrir gangi mála.

Talsverð umræða var um kjötmat síðastliðið haust eins og venjulega þó heldur meiri óánægja en fyrra ár. Það verður að segjast að

það hlýtur að fara að koma að breytingum á kjötmati þar sem Landsamtök sauðfjábænda hafa samþykkt á aðalfundi að fara skuli í rafrænt kjötmat þannig að allir sitji við sama borð. Það er mat undirritaðs að framvindan sé svolítið mikið í höndum sauðfjábænda. Ef á að fara í breytingar á kjötmati þá þurfa þær breytingar að ganga yfir alla sláturleyfishafa og jafnframt þarf að tryggja þær með lagabreytingum. Sama má segja um framgang merkjamála, það er innleiðingu rafrænna merkja. Talsverður áhugi var fyrir nokkrum árum að innleiða rafræn merki en datt svolítið upp fyrir af nokkrum ástæðum sem helst voru hár kostnaður og að seint gekk hjá Bændasamtökunum að innleiða breytingar í gagnagrunni. Nú er síðarnefnda atriðið farið að virka nokkuð vel og bændur sem komnir eru með þessa tækni farnir að njóta hennar. Taka þarf ákvörðun í þessu máli eins og öðrum, um hvort við ætlum að sameinast um að koma þessu kerfi almennilega á.

Aflestur eyrnamerkja og kjötmat eins og það er í dag, er takmarkandi þáttur í frekari þróun á afköstum afurðastöðvanna. Nauðsynlegt er að halda áfram að hagræða eins og kostur er

í afurðastöðvunum og er margt óunnið í þeim efnum, sem betur fer. Bændur þurfa að vera vel meðvitaðir um möguleika í þeim efnum og gera kröfu á sláturleyfishafa um að vinna áfram að hagkvæmari og vandaðri framleiðslu. Þegar að kreppir á mörkuðum þá er það hagkvæmnin sem sker úr um hverjir þræuka. Verð til bænda hefur frá 2007 hækkað um 73,7 % á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 52,5 %. Verð á kjöti í smásölu hefur á sama tíma aðeins hækkað um 36%.

Það er hagræðingu að þakka að greiðslur fyrir afurðir geti fylgt verðþróun þótt hún sé hærri en þróun á smásöluverð (sjá töflu 01).

Það er von okkar að sláturtíð gangi vel og við óskum eftir góðu samstarfi við bændur, nú sem fyrr. Við vonum einnig að fleiri bændur sjái sér hag í samstarfi við okkur á komandi hausti.

Ágúst Andriesson
forstöðumaður

Verðþróun (Tafla 01)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Uppsafnað
Smásöluverð lambakjöts	1,6%	8,5%	6,2%	-5,2%	11,0%	10,4%	36,0%
Vísitala neysluverðs	5,0%	12,4%	12,0%	5,4%	4,0%	5,2%	52,5%
Lambakjötsverð til bænda	4,2%	16,0%	10,3%	4,1%	19,3%	5,1%	73,7%

Birgða- og markaðsmál

Talsvert meiri birgðir voru til um áramót miðað við árið á undan og munar þar mestu um að ekkert var selt til Spánar og talsvert minnkun á aðra Evrópumarkaði. Þrátt fyrir það má segja að það sé búið að ráðstafa svo til öllu lambakjöti sem til er.

Sala á innanlandsmarkað hefur verið þokkaleg þó svo að núna í febrúar hafi sala verið með minnsta móti. Sala á ærkjöti gekk ekki eftir væntingum, þar sem verð á þessum afurðum hefur lækkað talsvert á mörkuðum. Það voru afurðastöðvar KKS og SKVH sem hækkuðu verð á ærkjöti verulega á árinu 2011 og aðrir sláturleyfishafar fylgdu á eftir.

Okkar ákvarðanir um verð á þessum afurðum ráðast fyrst og fremst á heimsmarkaðsverði, þar sem megnið af þessum afurðum fer á erlenda markaði. Eins og staðan er á mörkuðum og sú staðreynd að talsvert er eftir óselt af ærkjöti í landinu var ákveðið að lækka verð fyrir ærkjötið í páskaflátruninni. Sala á

hrossakjöti hefur gengið vel en eins og fram hefur komið hefur verið umtalsvert aukning á slátrun hrossa. Hrossakjötið fer að venju að mestu á Rússlandsmarkað, verð hafa þó heldur verið á undanhaldi. Allar gærur eru seldar og sömu sögu má segja um aðrar hlíðarafurðir sem ýmist hafa verið seldar til

manneldis á erlendum mörkuðum eða sem efni í dýrafóður. Talsvert fór af slíku efni til Danmerkur og til fóðurgerðar í Fódurfélagið sem framleiddi rúmlega 4.000 tonn af loðdýrafóðri á síðasta ári. Mikil aukninga var í fóðurgerð milli ára enda mikill uppgangur í þeirri grein.



Ágúst Andrússon, forstöðumaður KKS kynnir íslenskt lambakjöt

Afurðagreiðslur til bænda fyrir innlegg

KKS - árið	2012		2011		2010		2009	
	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.
Kindakjöt	1.825.646	946.044.093	1.816.168	881.249.927	1.745.956	708.625.652	1.615.327	698.570.140
Nautakjöt	242.600	131.248.170	217.405	109.163.672	249.154	107.248.292	217.507	85.967.343
Hrossakjöt	237.747	44.334.695	104.369	22.078.333	71.526	10.155.395	77.975	9.095.460
Svínakjöt	0	0	3.431	1.199.340	14.952	222.407	4.059	1.263.794
Alls	2.305.992	1.121.626.958	2.141.372	1.013.691.272	2.081.588	826.251.746	1.914.866	794.896.737

SKVH - árið	2012		2011		2010		2009	
	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.	Kg.	Kr.
Kindakjöt	1.508.047	753.345.770	1.418.661	678.120.847	1.363.889	553.087.451	1.290.165	593.668.311
Nautakjöt	251.030	135.515.458	266.818	131.890.647	294.572	127.172.699	258.950	105.889.331
Hrossakjöt	201.291	45.785.375	104.392	24.510.225	64.582	11.602.491	131.001	17.601.638
Alls	1.960.368	934.646.603	1.789.870	834.521.720	1.723.043	691.862.642	1.680.116	717.159.279

Breytingar í starfsmannahaldi

Breytingar urðu í mannahaldi KKS. Jakob Einarsson hætti í flutningum sláturdýra fyrir afurðastöðina í lok síðasta árs og sinnir nú lífhrossaflutningum. Stórgripaflutningar eru nú í höndum Agnars Sigurðssonar frá Kolugili. Vignir Kjartansson hætti í lok janúar þessa árs eftir 14 ára starf hjá afurðastöðinni. Hann hefur haft yfirumsjón með slátrun sem

er nú í höndum framleiðslustjóra, Sigurðar Bjarna Rafnssonar og Árni Jónsson tók við verkstjórn slátranna. Hjá SKVH hætti Þormóður Ingi Heimisson en hann hefur verið gæðastjóri frá 2006 og við tók Hallfríður Ósk Ólafsdóttir. Þessum einstaklingum er þakkað fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Komandi sláturtíð

Reiknað er með því að sláturtíð hefjist hjá afurðastöðvunum þann 4. september næstkomandi. Sama fyrirkomulag verður með álagsgreiðslur eins og verið hefur (sjá töflu 02). Ekki er hægt að segja til um verðþróun á þessum tímamarki.

Reiknað er með að slátrað verði fram til 31. október. Ekki er gert ráð fyrir slátrun á sauðfé á laugardögum í sláturtíð. Sumarslátrun verður hjá SKVH mánudagana 12., 19., 26. ágúst og 2. september. Mikilvægt er að það náist a.m.k. 4000 lömbum í heildina á þessum dögum en það er áætluð þörf fyrir gerða samninga við Whole Foods Market (WFM) í Bandaríkjunum. Síðasta haust gekk vel en þá flutti SKVH út um



190 tonn af fersku lambakjöti til WFM en síðan SKVH tók við samningum hefur orðið 30% aukning árlega á útflutningi til WFM.

Við hvetjum bændur sérstaklega til að panta slátrun í tíma inn á þessa daga og leggja okkur þannig lið í þessari mikilvægu markaðssetningu en ákveðið hefur verið að blása til sérstakrar sóknar og eflingu á samvinnu við WFM með markaðssetningu á íslenskum afurðum.

Álagsgreiðslur komandi haust (Tafla 02)

Álag	140 kr.	100 kr.	60 kr.	10%	8%	6%	4%	0,0%
	12. ágúst	19. ágúst	26. ágúst	vika 36	vika 37	vika 38	vika 39	vika 40

Álag í fyrstu þremur vikum bætist ofan á kg verð í viku 36.

Álag greiðist ekki á fullorðið.

Bændafundir 2013

Gistihúsið Egilsstöðum	mánudaginn 15. apríl kl. 12:00
Brjánslækur	miðvikudaginn 17. apríl kl. 12:00
Bjarkarlundur	miðvikudaginn 17. apríl kl. 16:00
Borgarfjörður	miðvikudaginn 17. apríl kl. 20:00
Hrútafjörður	fimmtudaginn 18. apríl kl. 15:00
Búðardalur	fimmtudaginn 18. apríl kl. 20:00
Hótel Ísafjörður	föstudagur 19. apríl kl. 12:00

Uppbótar- greiðsla

Kjötafurðastöð KS og Sláturhús SKVH greiddu í mars mánuði 2,8% uppbót á innlagt dillkakjöt og nautgripakjöt vegna innleggs ársins 2012. Samtals nema þessar viðbótargreiðslur uppá 51,5 millj.kr.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir í KKS á síðasta ári voru vegna hraðfrysta, rafmagnsinntaks og töfluherbergi því tengdu sem skiluðu talsverðu hagræði í síðastliðinni sláturtíð. SKVH festi kaup á húsnæði Meleyrar en aðstaðan var standsett og sem vel gekk að nýta síðasta haust undir frystingu hliðarafurða.

Framkvæmir hjá KKS á þessu ári verða helstar tengdar úrbeiningu og þökkun og kaupum á vélum til vamba- og hausaverkunar. Einnig er stefnt að byggingu á lestunaraðstöðu við KKS en þeirri framkvæmd var slegið á frest á síðasta ári.

Heimasíður

Í sláturtíð eru reglulega settar inná heimasíðu KKS fréttir og tilkynningar meðal annars um fjölda í slátrun, meðalþyngd og einkunnir.

Einnig er hægt að panta fyrir slátranir bæði á stórgripum og sauðfé og sjá áætlaða sláturdaga, svo eitthvað sé nefnt. Verðlistar eru uppfærðir reglulega bæði á heimasíðu KKS og SKVH. Hvetjum við alla að fylgjast með.

Heimasíða Sláturhúss SKVH er www.skvh.is

Heimasíða Kjötafurðastöðvar KS er www.ks.is/is/kjotafurdastod

Pantanir í slátrun

KKS – Tekið er á móti pöntunum í slátrun hjá Eddu í síma 455 4588 eða á netfang bondi@ks.is. Umsjón með niðurröðun sláturfjár í sláturtíð verður í höndum Gísla í sími 825 4595 eða á netfang bondi@ks.is.

SKVH – Tekið er á móti pöntunum í slátrun hjá Sigrúnu í síma 455 2330 eða Sveinbirni í síma 895 1147 einnig er hægt að senda inn óskir á netföng magnus@skvh.is

og skvhrett@gmail.com.

Umsjón með niðurröðun sláturfjár er í höndum Sveinbjörns.

Heildartölur slátranna

KKS - árið	2012	2011	2010	2009
Dilkar / fjöldi	104.261	106.543	104.164	97.142
Fullorðið fé / fjöldi	8.361	8.208	6.348	5.597
Slátrað alls / fjöldi	112.622	114.751	110.512	102.739
Dilkar kg	1.675.240	1.677.619	1.647.700	1.533.191
Fullorðið fé kg	208.997	190.964	146.550	124.013
Slátrað alls kg	1.884.237	1.868.584	1.794.250	1.657.203
Kýr / fjöldi	568	501	535	268
Geldneyti / fjöldi	516	469	582	497
Ungkálfar / fjöldi	283	328	334	473
Slátrað alls / fjöldi	1.367	1.298	1.451	1.238
Slátrað alls kg	245.133	219.864	249.494	224.051
Fölöld / fjöldi	480	320	259	214
Tryppi / fjöldi	95	51	21	39
Hross / fjöldi	1.115	417	279	318
Slátrað alls/ fjöldi	1.690	788	559	571
Slátrað alls kg	242.704	105.856	73.499	82.589
Svínaslátrun / fjöldi	0	53	102	60
Svínaslátrun / kg	0	3.969	15.534	4.422

Heildartölur slátranna

SKVH - árið	2012	2011	2010	2009
Dilkar / fjöldi	82.333	79.505	78.430	74.996
Fullorðið fé / fjöldi	7.676	8.509	6.536	5.727
Slátrað alls / fjöldi	90.009	88.014	84.966	80.723
Dilkar kg	1.372.869	1.282.522	1.272.944	1.209.638
Fullorðið fé kg	201.127	199.438	153.026	133.357
Slátrað alls kg	1.573.996	1.481.961	1.425.970	1.342.995
Kýr / fjöldi	518	534	674	543
Geldneyti / fjöldi	750	761	753	680
Ungkálfar / fjöldi	40	36	74	81
Slátrað alls / fjöldi	1.308	1.331	1.501	1.304
Slátrað alls kg	260.691	277.911	302.303	265.259
Fölöld / fjöldi	884	577	459	555
Hross / fjöldi	802	351	182	533
Slátrað alls/ fjöldi	1.686	928	641	1.088
Slátrað alls kg	211.903	112.758	69.591	138.714